

## 15. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 19. janúar 2012 kl. 8:15.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði.

### Dagskrá:

#### 1. Farið yfir niðurstöður foreldrakönnunar

Kynntar voru niðurstöður foreldrakönnunar sem gerð var í desember s.l. Hægt verður að nálgast þær á heimasíðu skólans.

#### 2. Frá nemendaráði

Söngvakeppni Vitans verður á morgun föstudaginn 20. janúar. Þrjú efstu sætin taka þátt í söngvakeppni Hafnarfjarðar og tvö efstu taka þátt í söngvakeppni Samfés. Sungið verður á íslensku. Til stendur að halda sundlaugapartý. Framundan er þáttaka í Skólahreysti. Upplýsingar um dagskrá hvers mánaðar hjá félagsmiðstöðinni er hægt að nálgast á [ofvitinn.is](http://ofvitinn.is)

#### 3. Frá foreldrum og grenndarsamfélagi

Fulltrúar foreldra ræddu málefni heilsdagsskólans. Ennþá virðist ekki vera komið nægjanlegt utanumhald varðand starfsemi hans og hafa foreldrar miklar áhyggjur af stöðu mála.

Umræða var um mötuneytismál í skólanum.

Fram kom að verið er að skoða viðmót heimasíðu skólans.

Æskilegt er að upplýsingar til foreldra varðandi t.d. próf berist til foreldra fyrir en nú er.

Rætt var um SMT. SMT leikurinn verður 12.-23. mars. Foreldrum verður sendar upplýsingar um hann þegar leikurinn fer af stað.

#### 4. Önnur mál

Fræðsluráð í Hafnarfirði hefur samþykkt að skipa starfshóp til að yfirfara skólaskipan í Hafnarfirði. Í því sambandi verður skoðað, hvort núgildandi skólaskipan sé sú heppilegasta eða hvort fýsilegt sé að horfa til breytinga þar á. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi í því sambandi. Þar má nefna möguleika á unglingskóla/skólum, skóla fyrir yngri börn og samrekstur leik- og grunnskóla, svo eitthvað sé nefnt. Einn möguleikinn er auðvitað að halda sig í aðalatriðum við núverandi skólaskipan.

Búið er að skipa ellefu manna starfshóp og var Sigurður Björgvinsson valin fyrir hönd skólastjóra í hópinn. Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn skili af sér áfangaskýrslu eigi síðar en 15. apríl n.k.

Nemendur í 9. bekk fara dagana 23.-27. janúar í Skólabúðir að Laugum.

Fundi slitið kl. 9:30

#### Fundinn sátu:

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri  
Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra  
Elma Karen Sigbórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra  
Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags  
Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara  
Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna  
Dagbjört Sól Guðlaugsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda.  
Árni Geirsson, nemendaráði, fulltrúi nemenda.

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir